

Ed.

193. Frumvarp til laga

[106. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 500 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Síðan almenn hegningarlög voru sett 1939—40 hefur verðgildi peninga breytt eins og kunnugt er. Þykir því rétt að hækka úr 50 krónum í 500 krónur hámark þess tjóns, er hin sérstaka ákæruregla í 2. mgr. 256. gr. miðast við.